

28. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 14. apríl kl. 16:30.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Benedikt Magnússon frá KPMG sat einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).
Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.
2. Áhrif COVID-19 á íslenska ferðaþjónustu.
Benedikt Magnússon frá KPMG kynnti skýrslu fyrirtækisins um alvarleg áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur ferðaþjónustufyrirtækja sem horfa fram á mjög erfiða tíma.
3. Mögulegar aðgerðir og viðbrögð.
Rætt um mögulegar aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda, m.a. hlutabótaleiðina og fyrirhugað markaðsátak innanlands sem ætlað er að hvetja Íslendinga til að ferðast um landið sumarið 2020.
4. Önnur mál.
Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:10.